

Sameining FTF og FÍS



✓ Aðildarfélag Raðgjafarsambands Íslands



1915 - 2015

**Allsherjaratkvæðagreiðsla um sameiningu
Félags íslenskra síamanna og Félags
tæknifólks hefst kl. 13, 1. nóvember 2024**



Hvers vegna að sameina FTF og FÍS?

Vegna þess að við eigum mikla samleið. Í báðum félögum er yfirburðarfólk með mikla tækniþekkingu og fjölbreytta sérhæfingu. Við vinnum í tækni, við miðlum, vinnum innan skapandi greina, sinnum upplýsingatækni og/eða veitum dýrmæta stoðþjónustu. Án okkar tækniþekkingar myndi ekkert virka. Við erum ómissandi og eigum að vera saman í liði.

Félagsfólki í FTF hefur fjölgað undanfarin ár og telja nú um 2.000. Á hinn bóginn hefur fækkað hratt í FÍS; úr um 1.800 í um 340. Við viljum ekki missa allt þetta verðmæta fólk í okkar greinum yfir í önnur félög heldur ná utan um þennan stóra hóp. Með sameiningu eykst slagkrafturinn og sameinað félag hefur meiri burði og kraft til að sinna fjölbreyttari þjónustu við félagsfólk og gæta réttinda þeirra.

Hvenær kom þetta upp?

Samtal um sameiningar stéttarféлага tæknifólks hefur staðið yfir frá 2018, í það minnsta. Félag tæknifólks í rafiðnaði, Félag sýningarstjóra í kvikmyndahúsum og kjaradeild Félags kvikmyndagerðarmanna sameinaðist undir merkjum Félags tæknifólks árið 2020. FÍS hefur fylgst náið með þessari framvindu og óformlegt samtal hefur lengi staðið yfir.



Skannaðu kóðann til að taka þátt í kosningu um sameiningu.

Eru stjórnirnar sammála þessu?

Já. Stjórnir FTF og FÍS hafa unnið þétt saman og samþykkt tveggja aðskildra aðalfunda beggja félaga liggur fyrir ásamt nýjum lögum og kjöri á fyrstu stjórn og trúnaðarráði sameinaðs félags. Ferlið og tengd verkefni hafa verið útfærð í samningi milli félaganna.

Þú getur lesið lögin á:
taeknifolk.is/upplýsingar-sameining-fis-ftf/ eða opnað myndavélina á símanum þínum og QR kóðann hér til hliðar. Hann vísar beint á lögin.

Hvað verður um peningana?

Bæði félög standa á styrkum fótum fjárhagslega. Eðlilegur hluti eigna fylgir félagsfólki FÍS inn í sjóði sameinaðs félags í hlutfalli við stærð þess hóps af heildarfjölda sameinaðs félags, til að halda uppi þjónustu.

Öðrum eignum FÍS fylgja skuldbindingar og verður þeim ráðstafað samkvæmt samningi FTF, FÍS og RSÍ. Þannig á hluti skuldbindinga og eigna FÍS við um réttindi sem best færi á að færðust til sjúkrasjóðs RSÍ og samningsaðilar eru sammála um að eðlilegt sé að með ýmsum verkefnum sem tengjast sögu FÍS, áhrifa innkomu FÍS í RSÍ á uppbyggingu orlofskerfisins og ýmsum áherslum í fræðslu- og þjónustumálum fylgi tilhlýðilegt fjármagn.

Ef þú opnar myndavélina í símanum þínum getur þú skannað QR-kóðann hér til hliðar og séð samninginn um ráðstöfun fjármuna FÍS í heild sinni. Við kappkostum hafa allt uppi á borðum. Þú finnur þetta líka inn á:
taeknifolk.is/upplýsingar-sameining-fis-ftf/

Hvað með sjóðina?

Nýtt félag mun starfrækja félagssjóð og menningar-sjóð ásamt því að eiga áfram aðild að sjúkrasjóði, orlofssjóði og vinnudeilusjóði innan Rafiðnaðar-sambands Íslands. Allir félagar sameinaðs félags fá aðild að Menntasjóð rafiðnaðarins og þar með þjónustu Rafmenntar fræðsluseturs.

Hvað verður um réttindi félagsfólks?

Eftir sameiningu verður allt félagsfólk FÍS og FTF fullgilt í sameinuðu félagi og öll áunnin réttindi haldast án skerðinga. Eftir sem áður stöndum við saman sem ein stærsta faggreinin innan RSÍ.

Hvað mun félagið heita?

Í kjölfar sameiningar hefst vinna við að finna nýja félaginu nafn, sem þarf að ná utan um þann fjölbreytta hóp fólks með tækniþekkingu sem er í félaginu. Fyrst um sinn verður félagið rekið undir nafni FTF og á kennitölu FTF.



Skannaðu kóðann til að taka þátt í kosningu um sameiningu.


Hlutverk nýs félags



Úr lögum sameinaðs félags, sem samþykkt voru á aðalfundum FTF og FÍS vorið 2024.



Norðmenn með toptjöld.



Miðstöð Bæjarsíma Reykjavíkur, 1923.

Sagan er verðmæt



Jon Midthun við símsstöðina á
Sauðárkróki 1906–1907.

Þrátt fyrir að félögin sem stóðu að sameiningu Félags tæknifólks 2020 hafi sum átt sér langa sögu er ekkert þeirra eldra en Félag íslenskra símamanna, sem var stofnað árið 1915. Á næsta ári verða 110 ár frá stofnun þess.

Félagið var fyrsta stéttarfélag opinberra starfsmanna á Íslandi og hafði forystu í byggingu orlofshúsa meðal samtaka launafólks á Íslandi. Símamenn voru á meðal þeirra sem stofnuðu BSRB og voru langt fram eftir 20. öldinni leiðandi í kjarabaráttu opinberra starfsmanna.

Þegar mest lét voru um 1.800 félagar í FÍS en í síðasta ársreikningi voru þeir 341 talsins. Til samanburðar eru nú ríflega 2.000 manns í Félagi tæknifólks.

Okkur er annt um að sögu FÍS verði haldið á lofti, enda spannar hún á næsta ári 110 ár, hvorki meira né minna. Í samningi FÍS við RSÍ og FTF, um ráðstöfun fjármuna, er kveðið á um að tilteknum fjármunum verði varið til að varðveita sögu Félags íslenskra símamanna. Við munum tryggja að sagan glatist ekki.



Halldór Guðmundsson
tæknifræðingur við mælingar
á ljósleiðarakerfi.

Þjónustuver Símans Internets var opnað í ágúst 1998. Því var ætlað að auðvelda almenningi aðgang að Netinu og veita ráðgjöf varðandi tækni og uppsetningu. Mikið annríki var þar frá fyrsta degi.



Systraböndu

Glæný íslensk þáttaröð. Á tíunda áratug síðustu aldar hverfur hún á sporlaust á Snæfellsnesi. Tuttugu og fimm árum síðar finnast jarðneskar leifar hennar og þrjár æskuvinkonur neyðast til að horfa í augu við fortíð sína.

Skóðu

Mælum með í Premium



Mælum með í Premium



Stjórn sameinaðs félags 2024–2025

Samþykkt á aðalfundum FTF og FÍS vorið 2024.

Jakob Tryggvason

Formaður
FTF - Fagfélögin

Ragnar G. Gunnarsson

Varaformaður
FTF - Fagfélögin

Haraldur Örn Sturluson

Stjórnarmaður
Síminn

Hafþór Ólafsson

Stjórnarmaður
Exton

Páll S. Guðmundsson

Gjaldkeri stjórnar
Fjarskiptastofa

Sigríður Rósa Bjarnadóttir

Ritari stjórnar
Sjálfstætt starfandi

Elma Bjarney Guðmundsdóttir

Stjórnarmaður
Sjálfstætt starfandi

Sigurjón Ólason

Stjórnarmaður
Fréttastofa Stöðvar 2

Magnús Sveinsson

Varamaður í stjórn
Síminn

Gunnar Ásgeirsson

Varamaður í stjórn
VMA, sjálfstætt starfandi

Trúnaðarráð

Sæunn Hrund Björnsdóttir
Míla

Jónína R. Kristjánsdóttir
Síminn

Anna Melsteð
Anok Margmiðlun

Máni Huginsson
Sjálfstætt starfandi í sviðslistum

Móeiður Helgadóttir
Borgarleikhús

Elva Sara Ingvarsdóttir

Varamaður í stjórn
Sjálfstætt starfandi

Róbert Steingrímsson

Varamaður í stjórn
Harpa

Jóhannes Tryggvason
RÚV

Sigurður Ingi Kjartansson
DK hugbúnaður

Andrea Björk Karelsdóttir
Borgarleikhús

Lydia Grétarsdóttir
RÚV

Ragnar Páll Gunnarsson
RARÍK hugbúnaður

Þéttum raðirnar



Jakob Tryggvason
formaður FTF

Kæru félagar. Það er einlæg sannfæring mín að tímabært sé að sameina FTF og FÍS undir merkjum nýs félags. Ég tel að sameiningin muni auka stéttarvitund tæknifólks innan okkar raða og þetta raðirnar. Við þurfum á því að halda. Stærri og öflugra félag mun öðlast meiri slagkraft við samningaborðið – hvort sem við erum að fást við kjaramál eða ræða hagsmunamál okkar á öðrum vettvangi. Við viljum efla þjónustu við félagsfólk og virkja okkar fólk til þátttöku í starfi hins nýja félags.

Ég þakka fyrir traustið sem mér hefur verið sýnt og er fullur tilhlökkunar að taka þátt í þeim stóru verkefnum sem fram undan eru. Ég hvet ykkur til að taka þátt í kosningunni 1. október og veita þar stjórn nýs félags öflugt umboð til að takast á við þau verkefni sem bíða.

Á tímamótum



Haraldur Örn
formaður FÍS

Kæru félagar. Við stöndum á tímamótum. Félagsofólki í FÍS hefur fækkað jafnt og þétt undanfarin ár enda hafa örar tækniframfarir umliðinna áratuga hafa fært mörkin milli fjarskipta miðlunar og upplýsingatækni.

Eins og fram kemur í þessu riti hefur sú fyrirhugaða sameining sem nú er kosið um, átt sér langan aðdraganda. Stjórnir FTF og FÍS hafa unnið þétt saman og að mínu viti lagt grunn að farsælli lendingu fyrir bæði félög. FÍS er ekki að hverfa heldur ganga til liðs við öflugt og stækkandi félag fólks sem starfar í tengdum greinum.

Við höfum búið svo um hnútana að sögu FÍS og merkjum verður haldið á lofti um ókomna tíð. Ég hvet ykkur af heilum hug til að greiða atkvæði með sameiningunni.



Ljósmyndir:
Saga Símans í 100 ár, Sigurveig Jónsdóttir Helga
Guðrún Johnson, Síminn, Reykjavík: 2006.

Bls. 30
Ljósmyndadeild Þjóðminjasafnsins
(Pétur Brynjólfsson)

Bls. 38
Ljósmyndasafn Símans (Ólafur Magnússon)

Bls. 46
Ljósmyndasafn Símans (Daniel Davíðsson)



FÉLAG
TÆKNI
FÓLKS

Alíðnarfélag Ráðgjafasambands Íslands

